Ed. **808. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm.: Hákon J. Kristófersson.

Við 21. gr. 5.

Á eftir liðnum komi nýr liður svo hljóðandi:

Landstjórninni veitist heimild til þess að veita Guðmundi E. Guðmundssyni bryggjusmið í Reykjavík lán úr viðlagasjóði alt að 15000 krónum til að starfrækja kolanámu í Sjöundárlandi í Barðastrandarsýslu. Lánið ávaxtist með 5% árlega, og sje afborgunarlanst fyrstu 2 árin, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 6 árum. Lánið sje trygt með 1. veðrjetti í námurjetti lántakanda í Sjöundárlandi í Stálfjalli og mannvirkjum hans þar og verkfærum.